

**Bókanir Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, 28. febrúar 2005 vegna  
greinar 1. 5.7 - sem fellur brott úr miðlægum kjarasamningi 1. maí 2006**

*Samp i Háskólaráðsfundi  
8. mars 2005*

**Bókun 3**

**Vinnumatssjóður vegna rannsókna**

Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem gegna a.m.k. hálfu starfi og taka laun samkvæmt matskerfi kennara og sérfræðinga skulu eiga kost á greiðslum úr vinnumatssjóði vegna rannsókna fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum á liðnu almanaksári. Skulu viðkomandi félagsmenn Félags háskólakennara skila vinnuskýrslu til rannsóknasviðs Háskóla Íslands í samræmi við gildandi reglur. Félag háskólakennara og Háskóli Íslands setja sér reglur um sjóðinn sem birtar eru í stofnana samningi. Háskóli Íslands tryggir 12,5% af dagvinnulaunum þeirra félagsmanna sem fá greidd laun af fjárveitingum hans og rétt hafa til að sækja um greiðslur í sjóðinn. Háskóli Íslands beitir sér fyrir því að tengdar stofnanir greiði samsvarandi fjármagn í sjóðinn vegna viðkomandi starfsmanna sinna, ella ákveður háskólaráð framlag Háskóla Íslands vegna þeirra.

Fyrir hönd samráðsnefnar um kjaramál

*Guðmundur R. Jónsson*  
Guðmundur R. Jónsson, formaður

Fyrir hönd Félags háskólakennara

*Jóhannes R. Sveinsson*  
Jóhannes R. Sveinsson, formaður

**Bókun 4**